



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd

Kópavogur, 8. júní 2022.  
Málsnr. 2101005/PBG

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.**

SSH hafa á fyrri stigum sent samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti umsagnir við grænbók, og síðar hvítbók, um byggðamál. Að öðru leyti vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri:

Samtökin leggja sérstaka áherslu á að vinnu við höfuðborgarstefnu verði ýtt úr vör af krafti á næstu mánuðum. Mikilvægt er að unnin verði stefna þar sem hlutverk höfuðborgarsvæðisins ásamt réttindum og skyldum þess eru mótuð enda stuðli það að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls.

Að mati SSH á byggðaáætlun til framtíðar að horfa til þess að styrkja veik svæði um allt land og áfram þarf að vinna að sértækum áætlunum í málefnum þeirra. Sameiginlegir sjóðir verða að vernda þær byggðir sem berjast hvað mest í bökkum við að halda byggð. Um það eru án efa flestir sammála

Mikilvægt er að horfa þarf til landsins alls þegar rætt er um byggðaáætlun. Höfuðborgarsvæðið á að vera mikilvægur hluti af byggðaáætlun, vegna þess að byggðaáætlun á að snúast um þróun byggða og samfélag á landinu öllu. Í raun er ekkert höfuðborgarsvæði án landsbyggðar og heldur engin landsbyggð án öflugs höfuðborgarsvæðis með skilgreint hlutverk. Þess vegna er mikilvægt að horfa á landið sem heild m.t.t. byggðaáætlunar og leita leiða til að efla það og styrkja, ekki síst út frá samkeppnishæfni þess.

Eins og bent hefur verið á er æskilegt að vinna sameiginlega stefnumótun um byggðaáætlun fyrir landið allt sem eina heild, höfuðborgarsvæðið þar með talið. Samhliða ætti að ljúka við höfuðborgarstefnuna og skilgreina hlutverk höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðaáætlun. Þannig verður byggðaáætlun, og þáttur höfuðborgarsvæðisins í henni, eflað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH